

Haustsýning FÍM á Kjarvalsstöðum

Nokkrir sýnenda. Frá v. gestur sýningarinnar Roj Friberg, Sigrún Eldjárn, Eyjólfur Einarsson, Sigurður Þórir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sigurður Örlygsson.

Halldór B. Runólfsson
skrifar um

myndlist

Liðið er á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna og ekki seinna vænna að gera henni einhver skil. Hér er á ferðinni mikil sýning, 44 sýnendur og 181 mynd. Það sem gerir sýninguna sérstæða er ákvörðun stjórnar FÍM að binda sýninguna við verk unnin á pappír og í pappír. 414 verk bárust og bendir það til mikils áhuga myndlistarmanna fyrir slíku fyrirkomulagi. Af áður nefndum 44 sýnendum eru 18 félagsmenn FÍM og 26 utanfélagsmenn og tekur sýningin yfir allan vestursal Kjarvalsstaða og ganginn framan við þann sal.

Það hefur löngum ríkt mikið skeytingarleysi hérlendis gagnvart teikningum eða annarri list gerðri á pappír. Það sýnir furðulegan skort á þekkingu, því vinna á pappír er vissulega undirstaða frekari listsköpunar og svo hefur verið gegnum aldurnar. Óvið kemur hugsun listamannsins og verktaekni jafn skýrt í ljós og í teikningunni og gildir einu hvort hún er undirbúningur undir annað myndverk eða sjálfstætt, endanlegt verk. Myndlistarmanninum er kunnáttu í teikningu nauðsynleg líkt og tónskáldinu pianóíð eða annað hljóðfæri. Sumir merkustu listamenn sögunnar yrðu harla óræðar stærðir ef ekki væri tekið tillit til teikninga þeirra. Má í því sambandi benda á Leonardo sem lét eftir sig þúsundir teikninga en aðeins nokkur málverk.

Það er því blátt áfram heimskulegt að líta á pappír sem annars

flokks undirstöðu í myndlist og mega Íslendingar gjarnan gera bragarbot á skilningi sínum hvað þetta varðar. T.d. er hollt fyrir okkur að hugleiða hvað Kjarval, þessi ástsæli málari, hefði verið án teiknihæfileika og pappírs. Vel má vera að haustsýning FÍM verði til þess að breyta afstöðu almennings í þessum efnum og þá er vel.

Fjölbreytileg tækni, einhæft vel

Pegar gengið er inn á Kjarvalsstaði blasir við manni fjölbreytileg notkun pappírsins og möguleikar sem fölgjur eru í miðlinum. Þar hanga myndir Jóhönnu Þórðardóttur, ferskar og léttar, unnar í heimatilbúinn pappír og gefa til kynna útsjónasemi og skýra hugsun. Á ganginum hangir einnig Glerdrekki Leifs Breiðfjörðs, nýstárlegt verk og skemmtilegt, ásamt drögum eða ríssi. Ef ég man rétt er Leifur eini listamaðurinn á sýningunni sem leyfir sér að sýna skissu eða undirbúningsteikningu og á hann heildur skilinn fyrir það. Sá er nefnilega stærstur gallinn á sýningunni, þrátt fyrir alla fjölbreytni, að hana skortir sjálf-sprottna, lifandi ásýnd teikningarinnar í risskenndum frumbúningi sínum. Ad visu sýna þeir Gunnar Örn og Sigurður Þórir ágætis takta í átt til slíkrar frjálsar tjáningar, en það er harla lítil partur af svo stórrí sýningu. M.ö.o. þá er skortur á pappírverkum sem gefa til kynna móttun hugmynda og lýsa eðli sköpunar listamannsins. Flest eru verk in á sýningunni fullmóttuð og fullfrágengin. Virðist sýningarnefndin hafa einkorðað sig við þess háttar val, eða þá að listamenn hafa ekki viljað gefa færi á sér með því að senda inn rissmyndir.

Fágún í fyrir-rúmi

Ég álása mönnum ekki fyrir slíka afstöðu þótt það gefi sýningunni einhæfari svip og helst til snurufusanda. Það er sjálfsagt erfitt að senda riss fyrri dómnefnd og því öruggeri kostur að veðja á vandvirkni. Þó er ekki þar með sagt að ekki séu lifandi tilþrif í mörgu verki. Guðrún Kristjánsdóttir sýnir t.d. fádæma ljóðrænar og einlægar myndir sem hún vinnur í heimatilbúinn pappír. Þótt verk hennar séu aðþrengd úti í horni, stafa þær látlausum þrótti sínum langt út í salinn. Sömu leiðis er mikill styrkur fölginn í verkum Magnúsar Kjartanssonar og virðist klippi-tækni auka kraft þessara verka. Magnús er greinilega að nálgast samruna síns fyrri hráa stíls og hinna nýju tæknitilrauna. Þá sjást teikn þess efnis að nafni hans Tómasson sé að hverfa frá smágerðri framsetningu fyrri verka. Það örlar á lit, s.s. í fiskunum í Hvorki fugl né fiskur og meira líf virðist komið í vinnubrögðin, afslappaðri afstaða. Af öðrum sýndum sem temja sér frelsi í framsetningu má nefna Helgu Benediktsdóttur og verk hennar Vor, einnig Ásgeir Lárusson sem virðist búa yfir næmri litameðferð.

Þó er ekki þar með sagt að rökvis og öguð framsetning sé galli í fari listamanna. Slíka staðhæfingu afsannar Tryggvi Ólafsson og það rækilega. Myndir hans, sex að tólu, eru hver annarri betri og mega teljast til hins kraftmesta sem sýning þessi hefur að geyma. Þar fara saman fágúð vinnubrögð þessa sannasta popp-listamanns okkar og persónuleg meðferð lita. Það má einnig benda á Örn Þorsteinsson, sem þó býr myndum sínum yfrið of fágúða umgjörð og dregur það nokkuð úr krafti þeirra. Þá heldur Jón Reykdal áfram sinni þróngu en ákveðnu leit að fullkomnun og beittir til þess agaðri og ihugulli tækni.

Erlendur gestur og yfirbragð

Gestur sýningarinnar er sænski listamaðurinn Roj Friberg. Það verður ekki annað sagt en verk hans sómi sér með afbrigðum vel innan um alla fágúnina. Listamaðurinn þínir ljósmyndrænt raunsei til hins ýtrasta svo manni finnst nóg um. Með þessum fótografisma bregður Friberg upp eskatólógískri framtíðarsýn, jörð sem hefur tortimst í tækniham förum. Horft er á afleiðingar hildarleiksins frá háum sjónarhóli líkt og úr flugvél. Þetta eru eftirstöðvar kjarnorkusprengju, mengunar, eyðingar náttúrunnar og annarra víxlspora mannsandans. Allt er þetta hrikalegt og skortir var annað en trompettleik englanna til að sýningar-gestur fari heim til sín og skjóti kúlu gegnum hausinn á sér.

Allar eru myndir Fribergs skapadar í góðri meiningu, eða það virðist manni hljóti að vera. Mottó-ið er hið gamla, góða: Vekjum menn til umhugsunar! Vandinn er bara sá að myndlistin er ekki fjöl-

miðill, heldur persónulegur miðill með alla þá anmarka sem hamla fjöldaáhrifum. Það þurfa nefnilega fæstir að gera sér ferð inn á söfn eða sýningasali til að virða fyrir sér hraklega framtíðarspá. Hún blasir við fólk á forsíðum dagblaða, sjónvarpsskjánum og öðrum nærtækari vettvangi í miklu sterkari, raunverulegri og áhrifaríkari bún-ingi. Einhver orðið áhrifaríkara en raunveruleikinn. Sá hafði lög að mæla.

Ég fæ heldur ekki séð að svo vonlaus framtíðarsýn og Friberg bregður upp, komi fólk til að rísa upp. Miklu fremur koðnar það niður eða bjargar sér út í háspékina um bakdyrnar; varpar sér í faðm trúarinnar og bíður eftir frelsun guðs eða góðgjarnna geimvera, eins og Spielberg. Reyndar á Friberg margt sameiginlegt með Hollywood, einkum katarstroffurómantikina og ragnarökkursraus visindramasins. Sést það vel í einni steinþrykksmynda hans af nýklassískri byggingu sem er í eyði farin og á er lettrað: Länge leve Göteborgs kulturrevolt. Þetta er sannkallað „Götterdämmerung“, einsog hægt er að ímynda sér í uppfærslu Bayreuth-óperunnar, hermd upp á Gautaborg. M.ö.o. nokkurs konar „Götterburger-ung“.

Þótt myndir Fribergs hafi lítt snortið mig í sinni vandvirknislegu smásmygli, setur hann óneitanlega mark sitt á sýninguna og gefur reyndar tóninn sem þar hljómar hæst: Nosturslegar áherslur, fínlegar og flinkar sem gerir sýninguna jafngóða og firrir hana skakka-föllum, en gerir hana sem heild daufa og drungalega yfirlitum. Hér vantar meira líf og fjör, meira af frjálsari list.

Í dag er til moldar borinn Bóas Valdórsson bifvélavirki í Ytri-Njarðvík.

Ég býst við að ýmsum fari líkt og mér að þeim þyki nú um sinn ærið tómlegt á þeim stöðum þar sem Bóas áður eyddi dögum. Hann var nefnilega einn af þeim sem setja svip á umhverfi sitt, gæða það lit og lífi.

Víst var Bóas orðinn sjötíu og tveggja ára að aldri og hafði verið heilsuveill um skeið, en þó hyg ég að flestir hafi reiknað með að njóta samfylgdar hans nokkurn spól enn. Kannski var það af því, að hann lét ekki mikið á því bera þótt sjúkdómur hans ágerðist, heldur harkaði af sér og baksaði áfram glaðbeittur og hress í andanum.

Lífshlaupi Bóasar er ég ekki vel kunnugur nema hin síðari ár. Þó skal hér greint frá nokkrum atriðum.

Bóas var Austfirðingur að ætt og uppruna og ólst upp í stórum systkinahópi austur á Reyðarfirði og lærði ungur að vinna hördum höndum, eins og svo margir af þeirri kynslóð, flest þau störf, sem til féllu til sjávar og sveita. Þegar Bóas var ungur maður var tækniöldin að hefja innreið sína í dreifbýli landsins. Það var ákafamanninum Bóas að skapi að koma miklu í verk á skómmum tíma með aðstoð véla og tækni. Hann gerðist bílstjóri hjá Kaupfélagi Héraðsbúa og stundaði bæði vöru- og fólksflutninga

Minning

Bóas Valdórsson

Fæddur 16.4 1911
Dáinn 23.10. 1983

hjá því fyrirtæki. Síðar aflaði hann sér iðnréttinda í bifvélavirkjun og stofnaði eigið bílaverkstæði á Reyðarfirði. Hann stundaði einnig ökukennslu um langt árabil.

Á Reyðarfirði kvæntist Bóas eftirlifandi konu sinni Margréti Eiríksdóttur og eignuðust þau þrjá efnilega syni. Þau Margrét byggðu sér íbúðarhús á Reyðarfirði og hlýtur það ásamt uppbyggingu verkstæðisins að hafa verið býsna þungt átak fyrir eignalaust fólk.


Upp úr 1950 var heldur dauft yfir atvinnulífi víða á landsbyggðinni en hröð uppbygging á Sudurnesjum. Athafnamaðurinn Bóas vildi vera þar sem eitthvað var um að vera og fluttist til Njarðvíkur með fjölskyldu sína. Skómmu síðar kom hann á fót bílaverkstæði við Vatnsveg í Keflavík og rak það um skeið, en

fór þá að finna til lungnasjúkdóms og þoldi illa verkstæðisvinnuna. Hann seldi þá verkstæðið, stundaði sjómennsku um skeið og vann síðan hjá ýmsum fyrirtækjum í Njarðvík og nágrenni. Síðustu 12 árin starfaði hann hjá Áhaldahúsi Njarðvíkur-bæjar.

Bóas var maður starfs og at-hafna svo sem af framansögðu má sjá og er þó margt ótalid sem hann lagði hönd að á lífsleiðinni. Hann kom miklu í verk, en átti þó margt ógert að eigin mati, slíkur var áhugi hans og vinnuvilji.

Bóas átti mörg áhugamál fyrir utan dagleg störf: sumarbústaðurinn í Mosfellssveitinni, stangarveiðin og brídgeklúbburinn – öllum þessum áhugamálum sinnti hann af sínum eðlislæga ákafa svo lengi sem heilsan leyfði og lengur þó mundu sumir segja.

Eitt var það þó sem stundum truflaði Bóas frá hans daglegu önn og hugdarefnum. Það var greiðasemin við náungann. Ef einhver úr hans stóra vina- og kunningahópi þurfti á aðstoð að halda, sem Bóas taldi á sínu færi



Bóas Valdórsson

að veita, þá urðu aðrir hlutir að bíða. Þessi eiginleiki – að greiða fyrir öðrum – var svo ríkur þáttur

í fari Bóasar að sjaldgæft má telja. Honum fannst þetta sjálf-sagður hlutur og var ömyrkur í máli við þá sem væru ógreiðugir og stírbusalegir í samskiptum við náungann.

Bóas var mestan hluta ævinnar starfandi félagi í pólitískum sam-tökum vinstri manna og á Reyðarfirði tók hann þátt í störf-um verkalyðsfélagsins og sat á Alþýðusambandsþingum. Bar-átta vinstri manna og verkalyðsfé-laga fyrir jafnrétti og félagslegu öryggi samræmdu lífsskóðun hans um samhjálp og samábyrgð. Fátt var þó fjarlægara Bóasi en að láta pólitísk kenningarkerfi kveða upp úr um það fyrir sig hvað rétt væri og hvað rangt. Það úrskurdaði hann sjálfur.

Bóas hafði sérstakt lag á að „lífa lífinu lifandi“ sem kallað er. Hann var gamansamur og gáskafullur í framkomu og orðaskiptum, jafnt við kunnuga sem ókunnuga. Hann kuni frá mörgu skemmtilegu að segja og gáski hans og atorka smitudu út frá sér svo að aldrei varð dauflegt í ná-vist hans.

Nú að leidarlokum er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa átt því láni að fagna að röla við hlið Bóasar nokkurn spól á lífsbrautinni og ég veit að aðrir samstarfsmenn hans hjá Njarðvíkurbæ taka undir þær þakkir. Samfylgdin við Bóas gerir leiðina áfram léttari, þótt hann sé ekki lengur með í göngunni.

Sigmar Ingason